

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur  
Kjarna  
650 Laugar



Reykjavík 8. nóvember 2016  
UST201610-051/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga að deiliskipulagi fyrir áningarstað í Vikraborgum við Öskju, Skútustaðahreppi**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skútustaðahrepps er barst 6.október sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi fyrir áningastað í Vikraborgum við Öskju, Skútustaðahreppi.

#### **Skipulagssvæðið**


Ofangreint deiliskipulagssvæði við Vikraborgir í Öskju er í Vatnajökulsþjóðgarði. Svæðið liggur 10 km frá mannvirkjum í Dreka og er í 1100 metra h.y.s. Með deiliskipulaginu er verið að endurskoða bílastæðin sem fyrir eru og fella þau betur að landslagi, einnig er afmarkaður reitur fyrir íveruhús fyrir landverði og gestaskjól og snyrtingar fyrir daggesti.


Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um uppbyggingu við Vikraborgir. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að gera tilraunir og finna hentugar salernislausnir á ferðamannastöðum á hálendinu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdir verði felldar að landi hvað varðar form og litaval.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreint deiliskipulag.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur